

sé leitað. Af því, sem fyrir liggur í málinu, verður ekki séð, að Alþýðusambandið hafi á neinn hátt, annan en þennan, verið við umrætt verkfall riðið, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna það af kröfum stefnanda.

Umræddu verkfalli virðist eingöngu hafa verið beint gegn Jakob S. Kvaran, aðallega í því skyni, að fá hann til að viðurkenna Iðju sem samningsaðilja um kaup og kjör verksmiðjufólks síns. Verður ekki séð, að verkfallinu hafi á neinn hátt verið beint gegn verkafólki Jakobs, enda þótt það hafi orðið að hætta vinnu vegna þess. Verður því að líta á vinnutjón stefnanda vegna verkfallsins sem óbeina afleiðingu þess, að ekki sé unnt að dæma félagið til að greiða stefnanda hinar umkröfðu skaðabætur. Ber því einnig að sýkna Iðju af kröfum stefnanda, en að því er snertir málskostnað, þykir eftir málavöxtum rétt að láta hann falla niður gagnvart báðum hinum stefndu aðiljum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur (svo), Alþýðusamband Íslands og félagið Iðja á Akureyri, eiga (svo) að vera sýkn (svo) af kröfum stefnanda, Aðalsteins Sveinssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. október 1940.

Nr. 71/1940. Steindór Gunnarsson

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Félagsprentsmiðjunni s/f og gagnsök

(cand. jur. Kristján Guðlaugsson).

Ýmsar kröfur út af félagsslitum og bókaforlagi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefir upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til

hæstaréttar með stefnu 9. júlí þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 13551.58 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 15. ágúst þ. á., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8094.94 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eftir mati dómsins.

1. Aðalsök í héraði.

Krafa gagnáfrýjanda nam í héraði kr. 9349.98. Frá þessari fjárhæð hefir hann nú dregið kr. 800.00, sem er greiðsla til löggilts endurskoðanda fyrir að gera reikning um fjártölur bókaforlags þess, sem aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda þann 8. júní 1933 og tók síðar við aftur samkvæmt úrskurði gerðardóms, er sagður var upp þann 17. apríl 1935. Ennfremur hefir gagnáfrýjandi viðurkennt, að frá aðalkröfunni í héraði beri að draga kr. 455.04, vaxtafjárhæð, sem aðaláfrýjanda hefir verið vanfærð til tekna. Nemur krafa gagnáfrýjanda hér fyrir dómi $\text{kr. } 9349.98 \div (\text{kr. } 800.00 + \text{kr. } 455.04) = \text{kr. } 8094.94$. Aðaláfrýjandi krefst þess, að frá kröfu gagnáfrýjanda verði ennfremur dregnar kr. 1250.00, er gagnáfrýjandi kveður, að hafi verið greiddar Óskari Gunnarssyni, starfsmanni í Félagsprentsmiðjunni, sérstaklega fyrir söfnun auglýsinga og annars efnis í vasabækur og skrifstofudagbækur, er gefnar voru út af nefndu bókaforlagi, svo og fyrir umsjón með sölu bóka þessara. Gerðar-

dómurinn skar ekki úr því, á hvorn aðiljann eigi að leggja þennan kostnað. Komið hefir í ljós, að kr. 250.00 er þóknun fyrir starf Óskars við forlagið á árinu 1932. Aðaláfrýjandi var þá enn eigandi og umráðamaður bókaforlagsins. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er viðurkennt, að hann hafi samþykkt greiðslu þessara 250.00 króna til Óskars, verða þær ekki taldar honum til gjalda og koma því til frádráttar kröfu gagnáfrýjanda. Hinsvegar þykir þóknun fyrir greinda vinnu Óskars við bókaforlagið árin 1933 og 1934, að fjárhæð kr. 1000.00, réttilega talin aðaláfrýjanda til skuldar, og verður hún þess vegna ekki dregin frá kröfu gagnáfrýjanda. Niðurstaðan verður því, að aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði kr. $8094.94 \div 250.00$, eða kr. 7844.94 með vöxtum eins og krafizt hefir verið.

II. Gagnsök í héraði.

Gagnkröfur aðaláfrýjanda í héraði námu kr. 20851.56. Aðaláfrýjandi hefir nú viðurkennt, að hér frá eigi að dragast kr. 7299.98 samkvæmt reikningsgerð dómkvaddra manna um fjártölur bókaforlagsins. Nemur dómkrafa aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti þannig kr. 13551.58, ásamt vöxtum. Gagnkrafa aðaláfrýjanda greinist í 5 kröfuliði, sem upp eru taldir í héraðsdóminum, og verða þeir nú teknir til athugunar í sömu röð og í hinum áfrýjaða dómi greinir

1. *Vanreiknaðir vextir aðaláfrýjanda til tekna, að fjárhæð kr. 455.04.* Þessi kröfuliður er viðurkenndur af gagnáfrýjanda, svo sem áður segir, og er dreginn frá í hans kröfu.

2. *Andvirði bóka, er aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda ekki hafa skilað sér, að fjárhæð kr.*

1921.89. Þegar aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda bókaforlag sitt 8. júní 1933, framkvæmdu tveir starfsmenn Félagsprentsmiðjunnar að tilhlutun aðaláfrýjanda talningu bókana, og var ekki önnur talning gerð á þeim. Samkvæmt sölu-samningnum um bókaforlagið skyldi við fullnaðarskipti aðiljanna út af forlaginu miðað við hagnað þann, sem yrði af því fram til 1. maí 1937, eftir reglum, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi. Það skipti aðiljana því miklu máli, að talning bóka-anna í hendur gagnáfrýjanda 1933 væri nákvæm. Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður annað séð, en aðiljar hafi 1933 lagt greinda talningu bóka-anna til grundvallar framtíðarskiptum sínum, verður að miða við hana í máli þessu. Nú hefir það komið í ljós, að þegar bókaupplögin voru afhent aðaláfrýjanda eftir riftun samningsins frá 8. júní 1933, þá vantaði ýmsar bækur, sem áttu að vera fyrir hendi samkvæmt talningunni 1933 og reikningum bókaforlagsins. Er söluverð bóka þeirra, er vanta, talið kr. 1921.89. Á fjárhæð þessari verður gagnáfrýjandi að standa skil, enda hefir hann ekki mótmælt þessari fjárhæð út af fyrir sig. Gagnáfrýjandi telur, að til frádráttar téðri fjárhæð eigi að koma kr. 411.20, með því að meira hafi verið til af sumum bókana en reikningar sýndu, en gegn mótmælum aðaláfrýjanda er ekki gerð nægileg grein fyrir þessum frádráttarlið.

3. *Óviðurkenndar skuldir bóksala við forlagið, að fjárhæð kr. 6948.23.* Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi ekki, eins og á stendur, vanrækt að gera grein fyrir forlagsbókum þeim, sem voru í vörzlum bóksala o. fl., er aðaláfrýjandi tók aftur við forlagsbókunum eftir riftun samningsins frá

8. júní 1933. Að vísu hafa sumir þeirra bóksala, er höfðu bækur forlagsins til sölu, ekki kannast við að hafa undir höndum allar þær bækur, sem greinargerð gagnáfrýjanda segir til, en aðaláfrýjandi hefir ekki með rannsókn á viðskiptum gagnáfrýjanda og bóksalanna og málssókn á hendur bóksölunum, ef til kæmi, sannreynt, að ekki megi treysta greinargerð gagnáfrýjanda um viðskipti hans og bóksalanna, en þess er hér getanda, að gagnáfrýjandi tjáir reikninga sína heimila til athugunar endurskoðenda í þessu skyni. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda að svo stöddu af þessum kröfulið.

4. *Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og skrifstofuhandbóka fyrir árið 1936, að fjárhæð kr. 5763.20.* Aðaláfrýjandi hefir byggt þenna kröfulið á þremur sjónarmiðum. Í fyrsta lagi á því, að eignayfirfærsla bókaforlagsins til sín hafi ekki farið fram fyrr en 31. desember 1935, og hafi þá tekjur af útgáfu bóka þessara fyrir árið 1936, sem gengið var frá 1935, átt að renna til sín. Í gerðardóminum er svo ákveðið, að aðiljar skuli útkljá viðskipti sín um bókaforlagið þann 1. júlí 1935. Þetta ákvæði hélzt óbreytt, þótt aðiljar síðar með samningi 20. desember 1935 kvæðu svo á, að slit á sameign þeirra í Félagsprentsmiðjunni skyldu miðast við 31. desember 1935, enda segir í síðastnefndum samningi, að hann sé „óviðkomandi uppgjóri á bókaforlagi Steindórs Gunnarssonar“. Kröfuliðurinn verður þessvegna ekki studdur með framangreindum ástæðum. Í öðru lagi telur aðaláfrýjandi sig eiga rithöfundarrétt að bókum þessum og gagnáfrýjanda því ekki geta helgað sér tekjur af þeim eftir riftun forlagssamningsins. Engin

sundurliðun er fyrir hendi um það, hvernig ágóði sá, er í kröfulið þessum greinir, skiptist niður á sölu veggjalmanaka, vasabóka og skrifstofuhandbóka. Samkvæmt þessu og þar sem alveg vafalaust er eftir málflutningnum, að aðaláfrýjandi á engan rithöfundarrétt að veggjalmanökunum, þá verður kröfuliður þessi ekki byggður á broti á rithöfundarrétti. Loks telur aðaláfrýjandi til vara, að hann eigi a. m. k. tilkall til þriðjungs ágóða af sölu bóka þessara fyrir árið 1936, þar sem Félagsprentsmiðjan hafi haldið áfram útgáfu þeirra, eftir að aðaláfrýjandi hafi tekið við bókaforlaginu aftur, enda hafi hann verið meðeigandi í Félagsprentsmiðjunni til ársloka 1935. Á þessi rök aðaláfrýjanda ber að fallast, og ber honum samkvæmt því þriðjungur kröfuliðsins, eða kr. 1921.07.

5. *Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og skrifstofuhandbóka fyrir árið 1937, að fjárhæð kr. 5763.20.* Aðaláfrýjandi byggir þennan kröfulið á broti gagnáfrýjanda á rithöfundarrétti sínum að ofanefndum bókum, en af ástæðum þeim, er greinir við kröfulið nr. 4, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka til greina af kröfum aðaláfrýjanda kr. 1921.89 samkvæmt kröfulið nr. 2 og kr. 1921.07 samkvæmt kröfulið nr. 4, eða alls kr. 3842.96, með vöxtum eins og krafizt er. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Steindór Gunnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Félagsprentsmiðjunni s/f, kr.

7844.94 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi, Félagsprentsmiðjan s/f, greiði aðaláfrýjanda, Steindóri Gunnarssyni, kr. 3842.96 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að svo stöddu að vera sýkn af kröfulið 3 hér að framan.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1940.

Í máli þessu gekk dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 24. okt. 1938, en tveimur liðum gagnsakarinnar var vísað frá dómi að efni til sökum ófullnægjandi málsútlistunar. Með dómi hæstaréttar, gengnum 26. jan. þ. á., var vegna frávisunar þessara liða bæjarþingsdómurinn ómerktur í heild og vísað heim í hérað til meðferðar samkv. 120. gr. einkamálaganna um áðurnefnda tvo liði og til dómsálagningar að efni til um alla kröfuliði málsins. Aðiljar hafa lagt málið fyrir bæjarþingið að nýju og gert skriflega viðbótargrein fyrir atriðum þeim, sem frávísað var áður, og var nú málið tekið undir dóm 8. þ. m.

Málið er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. október 1937 af s/f Félagsprentsmiðjunni hér í bæ, gegn Steindóri Gunnarssyni prentsmiðjustjóra, Suðurgötu 8 B hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 9349.98, með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndur hefir krafizt þess í aðalsök, að stefnuupphæð hennar verði lækkuð um tvær upphæðir, er síðar verða greindar, samtals að upphæð kr. 2050.00, og að sér verði tildæmdur málskostnaður. En jafnframt hefir hann með

gagnstefnu útg. 16. nóvember 1937 höfðað gagnsök og gert í henni þær réttarkröfur, að aðalstefnandi, s/f. Félagsprentsmiðjan, verði, með eða án skuldajafnaðar við stefnu-upphæð aðalsakar, dæmdur til að greiða sér kr. 20851.56, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, og málskostnað í gagnsökinni að skaðlausu.

Í gagnsökinni krefst aðalstefnandi algerrar sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hafa báðir aðiljar gert varakröfur og verður þeirra getið á viðeigandi stöðum hér á eftir, er hinir einstöku kröfuliðir, er þær standa í sambandi við, verða ræddir.

Málsatvik eru þau, að með afsali dagsettu 8. júní 1933 afhenti aðalstefndur, sem þá var einn af eigendum s/f Félagsprentsmiðjunnar og prentsmiðjustjóri hennar, Félagsprentsmiðjunni allt bókaforlag sitt frá 1. maí 1933 að telja, en forlagi þessu hafði hann komið sér upp samhliða prentsmiðjustjórastarfinu. Segir í afsalinu, að með séu taldar bókaleifar í Reykjavík og úti um land, dagbækur, vasabækur og almanök, án nokkurrar undantekningar. Þá segir ennfremur, að í afsalinu séu innifalin öll réttindi aðalstefnds til endurútgáfu og endurprentunar á þessum bókum og skuldbinding af hans hálfu um að gefa þær ekki út framar, enda sé aðalstefnanda heimilt að hagnýta sér þær að öllu leyti eftir eigin vild frá nefndum degi.

Jafnframt því sem aðalstefndur gefur aðalstefnanda afsal þetta, var gerður samningur um forlagið, dagsettur sama dag og afsalið, og viðurkennir aðalstefndur í upphafi hans, að aðalstefnandi hafi greitt sér kr. 15000.00 sem fullnaðargreiðslu fyrir forlagið, er hann hafi afhent samkvæmt afsalinu. Jafnframt skuldbindur aðalstefndur sig til að endurgreiða aðalstefnanda þá upphæð, sem vanta kunni á, að nettóhagnaður af hinum seldu bókaleifum og framhaldsútgáfu þeirra, þar með töldum vasabókum, dagbókum og veggلمانökum, jafni að fullu kaupverðið, kr. 15000.00, ásamt 5% ársvöxtum, fyrir 1. maí 1937, og skuli sú reikningsuppgæf byggjast á sérstökum reikningi yfir út- og innborganir viðvikjandi forlaginu, sem halda skyldi í bókum aðalstefnanda. Á hinn bóginn skuldbatt aðalstefnandi sig til að endurgreiða aðalstefndum það af nettóhagnaðinum á hinu selda, sem kynni að verða fram yfir kaup-

verðið, kr. 15000.00, „ásamt 5% ársvöxtum á fyrrnefndu tímabili til 1. maí 1937“. Loks er í samningnum ákvæði um, að aðalstefnandi annist allt reikningshald og afgreiðslu endurgjaldslaut, og að úr ágreiningi aðilja út af samkomulaginu skuli skorið á sama hátt og ágreiningi út af sameignarsamningi aðilja í Félagsprentsmiðjunni, þ. e. af þriggja manna gerðardómi, þannig skipuðum, að hvor deildaraðilja kysi sinn gerðarmann, en þeir tilnefndu síðan oddamann, eða ef þeir gætu ekki orðið ásáttir um oddamanninn, skyldi hann útnefndur af bæjarfógetanum (nú lögmanni) í Reykjavík.

Áður en samningur aðilja um bókaforlagið var gerður, mun hafa verið ágreiningur þeirra í milli um ýms atriði í félagssamningi þeirra um prentsmiðjuna, svo og í sambandi við bókaforlag stefnds. Virðist ágreiningurinn hafa farið vaxandi eftir forlagssamninginn, og lögðu aðiljar loks ágreininginn fyrir gerðardóm samkvæmt ákvæðum sameignarsamningsins, og var sá dómur fullskipaður 12. jan. 1935, en á þeim tíma var aðalstefndur hættur störfum í Félagsprentsmiðjunni og farinn að vinna í þágu annarar prentsmiðju. Kröfur sameigenda aðalstefnds fyrir gerðardómnum voru bæði út af sameigninni í prentsmiðjunni og forlagssamningnum.

Að því er snertir forlagssamninginn frá 8. júní 1933, voru kröfur sameigenda aðalstefnds m. a. þær: 1) Að honum yrði rift og þeir leystir undan öllum skyldum hans. 2) Að aðalstefndum yrði gert að endurgreiða þeim kaupverð forlagsbókanna, kr. 15000.00, með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933 til greiðsludags, að frádregnum þeim hagnaði, er kynni að hafa orðið á forlaginu frá því að þeir tóku við því og þar til það yrði gert upp. 3) Að ekki yrði tekið með í uppgjör forlagsins útgáfa vasabókar og hagnaður af þeirri útgáfu á árunum 1934 og 1935, heldur renni sá hagnaður allur til þeirra. 4) Að fyrir umsjón með forlaginu, húsnæði, afgreiðslu, innheimtu etc. greiði aðalstefndur þeim kr. 4400.00, er dragist frá hagnaði forlagsins, en greiddist af aðalstefndum persónulega, ef hagnaðurinn hrykki ekki til þess. 5) Að byggt yrði á uppgjöri þeirra, og yrði það bindandi fyrir báða aðilja, en til vara, að forlagið yrði gert upp af tveimur dómkvöddum mönnum, og að uppgjör þeirra yrði bindandi fyrir báða aðilja.

Niðurstaða gerðardómsins um kröfur sameigenda aðalstefnds var, að því er snertir sameignina í prentsmiðjunni, sú, að aðalstefndur var talinn hafa rofið verulega ákvæði ákveðinnar greinar félagssamningsins, og með tilliti til sölutilboðs, er hann hafði gert 12. nóv. 1934, var sameigendum hans heimilaður réttur til kaups á eignarhluta hans í Félagsprentsmiðjunni, ef þeir, einn eða tveir eða allir þeir í sameiningu, samþykktu það fyrir lok júnimánaðar 1935, enda yrði verð eignarhlutans ákveðið af tveim dómkvöddum mönnum, nema samkomulag yrði. Ennfremur var svo ákveðið, að hvor aðilja ætti, enda þótt ekki yrði úr kaupum fyrir 1. júlí 1935, rétt á að heimta félagsslit innan hæfilegs tíma, er var ákveðinn til og með 31. des. 1935. Hvað viðvæk kröfunum út af forlagssamningnum, varð niðurstaða gerðardómsins þessi: 1) Samningnum var riftað og sameigendur aðalstefnds leystir undan skyldum sínum samkvæmt honum. 2) Aðalstefndur var skyldaður til að endurgreiða prentsmiðjunni söluverð bókaforlagsins, kr. 15000.00, með 5% ársvöxtum frá 8. júní 1933, en að frá-dregnu því, sem inn hefði komið netto til prentsmiðjunnar af sölu forlagsbókanna, enda yrði aðalstefndum þá afhent það af forlagsbókaupplögunum, sem þá yrði eftir í vörzlum prentsmiðjunnar. 3) Þessi krafa var ekki tekin til greina að neinu leyti, heldur ákveðið, að aðalstefndur ætti heimtingu á, að það, sem inn hefði komið fyrir þessar bækur, yrði dregið frá upphæðinni undir kröfulið 2, þegar gert yrði upp. 4) Í sambandi við úrlausn sína um þetta atriði segir gerðardómurinn, að þegar gerð verði upp skipti aðilja samkvæmt kröfulið 2, bætist að sjálfsgöðu við áðurgreindar kr. 15000.00 allur útlagður kostnaður, sem prentsmiðjan hafi haft vegna forlagsbókanna, svo sem umbúðir, flutnings-, innheimtu- og váttryggingarkostnaður o. s. frv. Eftir forlagssamningnum hafði prentsmiðjan átt að annast afgreiðslu og reikningshald endurgjaldslaust, og virðist tilætlunin því hafa verið sú, að prentsmiðjan teldi ekki í þessu sambandi reksturskostnað forlagsins annað en það, sem beinlínis væri útlagt. En þrátt fyrir þetta ákvað gerðardómurinn þó, með tilliti til allrar framkomu aðalstefnds, sem nánar er lýst í úrskurði gerðardómsins, að aðalstefndur skyldi greiða prentsmiðjunni þóknun, er hæfilega þótti metin kr. 500.00, fyrir reikningshald, af-

greiðslu og geymslu bókana. Þá var og ákveðið undir þessum lið, að reikningsskil vegna forlagsins færu fram 1. júlí 1935, ef sameigendur aðalstefnds notuðu kauparétt sinn skv. framansögðu, en annars 1. janúar 1936. 5) Ef ekki yrði samkomulag um aðra tilhögun, var ákveðið, að tveir dómkvaddir menn framkvæmdu reikningsskilin, og aðalstefndur bæri kostnaðinn.

Í samræmi við þar að lútandi ákvæði gerðardómsins tilkynntu sameigendur aðalstefnds honum með bréfi dags. 21. júní 1935, að þeir vildu neyta kauparéttar síns að eignarhluta hans, og með bréfi til lögmanns, dagsettu sama dag, óskuðu þeir eftir, að hann dómkveddi tvo menn til að meta hlutann. Voru matsmennirnir síðan dómkvaddir, og varð að samningum milli aðilja, að matsgerðin miðaðist við 31. des. 1935. Sérstaklega var tekið fram í samkomulagi þessu, að það væri að öllu leyti óviðkomandi uppgjöri á bókaforlaginu. Í samræmi við þetta fóru síðan fram kaup á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni.

Að því er snerti uppgjörið á bókaforlaginu, fól aðalstefnandi löggiltum endurskoðanda framkvæmd þess og greiddi honum kr. 800.00 sem þóknun, en þessu uppgjöri vildi aðalstefndur þó ekki una. Í samræmi við ákvæði gerðardómsins voru þá dómkvaddir tveir menn til að framkvæma uppgjörið, þeir Ari Thorlacius, löggiltur endurskoðandi, og Þorvarður Þorvarðsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, en sá síðarnefndi andaðist þó áður en uppgjörinu yrði lokið, og var þá Guðbjörn Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri, dómkvaddur í hans stað til að lúka verkinu. Luku hinir dómkvöddu menn störfum 17. febrúar 1937 og skiluðu skýrslu viðvikjandi uppgjörinu, en samkvæmt henni bar aðalstefndum að greiða aðalstefnanda kr. 7299.98, og var sú upphæð skuld aðalstefnds 30. júní 1935, að frádregnum innborgunum frá þeim tíma til næstu áramóta. Við þessa niðurstöðu hinna dómkvöddu manna höfðu báðir aðiljar ýmislegt að athuga. Töldu sameigendur aðalstefnds, að í uppgjörinu væru vantaldar til gjalda tvær upphæðir, þ. e. kr. 800.00 til löggilts endurskoðanda, er þeir höfðu látið gera forlagið upp áður en þeir Ari voru útnefndir, eins og áður segir, og kr. 1250.00, er þeir höfðu greitt nafngreindum manni, aðallega fyrir söfnun auglýsinga í vasa- og skrifstofudagbækur forlagsins á árunum

1933, 1934 og 1935. Töldu þeir skuld aðalstefnds því nema samtals kr. 9349.98 og höfðuðu aðalsökina til greiðslu hennar. — Aðalstefndur taldi uppgjórið rétt að því er snerti það, að þessum liðum var sleppt, og hefir því krafizt sýknu af greiðslu þeirra í aðalsökinni. Hinsvegar taldi hann ýmsar greiðslur vantaldar forlaginu til tekna og höfðaði því gagnsökina til þess að fá þær greiðslur teknar til greina, með eða án skuldajafnaðar við þá upphæð, er aðalstefnanda kynni að verða tildæmd í aðalsök.

Aðalsökin.

1. *800.00 kr. greiðslan.* Eins og áður segir, lét aðalstefnandi löggiltan endurskoðanda gera upp forlagið, án þess að fyrir lægi samþykki aðalstefnds til þess, og er hérgreind upphæð greiðsla fyrir það uppgjör. Þetta uppgjör neitaði aðalstefndur, eins og einnig er vikið að áður, að taka gilt, og voru þá hinir dómkvöddu menn látnir gera forlagið upp í samræmi við ákvæði gerðardómsins, en kostnað þann, er af því leiddi, hefir aðalstefndur þegar greitt. — Eftir ákvæðum úrskurðar gerðardómsins skyldi forlagið gert upp af dómkvöddum mönnum, nema aðiljar kæmu sér saman um annað. Og þar sem aðalstefndur samþykkti aldrei aðra aðferð, verður rétturinn að líta svo á, að hérgreind upphæð sé honum óviðkomandi, og verður því að sýkna hann af greiðslu hennar, enda þótt það kunni að vera rétt hjá aðalstefnanda, að uppgjör endurskoðandans hafi eitthvað flýtt fyrir hinum dómkvöddu mönnum, þar eð það er ekki sannað, gegn andmælum aðalstefnds, né þá heldur að hve miklu leyti svo hafi verið.

2. *1250.00 kr. greiðslan.* Svo sem komið hefir fram hér að framan, var einn liður í rekstri forlagsins árleg útgáfa vasabóka og skrifstofudagbóka. Virðist hafa verið allmikið verk að undirbúa prentun þessara bóka árlega og þó sérstaklega söfnun auglýsinga í þær siðartöldu, svo og sala þeirra hvort tveggja. Verk þetta fól prentsmiðjan nafngreindum starfsmanni sínum, en þar eð það var ekki talið falla undir verksvið hans, var honum greidd fyrir það sérstök aukapóknun: árið 1933 kr. 500.00, 1934 sama upphæð og árið 1935, þ. e. a. s. til 1. júlí þess árs, kr. 250.00, eða samtals hérurmrædd greiðsla, og er þetta í samræmi við bækur prentsmiðjunnar, en hins vegar treystu hinir dómkvöddu menn sér ekki til að telja þessa upphæð til

gjalda hjá forlaginu, vegna þess að þeir töldu það ekki heimilt samkvæmt úrskurði gerðardómsins, þar sem ákveðið væri í honum, að aðalstefnanda bæri aðeins kr. 500.00 sem þóknun fyrir reikningshald, afgreiðslu og geymslu bóka. — Upphæð sú, sem hér er um að ræða, virðist alls ekki hafa komið til álita í gerðardóminum, og er aðalstefnanda því rétt að fá úr því skorið nú, hvernig um greiðslu hennar skuli fara.

Það er ekki véfengt, að umrætt verk hafi verið nauðsynlegt í þágu forlagsins, né að rétt hafi verið að greiða viðkomandi starfsmanni aukþóknun fyrir það, enda gerði aðalstefndur það sjálfur, meðan hann rak forlagsstarfsemina. Ekki hefir heldur verið hreyft andmælum um, að greiðslan hafi verið of há. Að þessu athuguðu, svo og því, að gerðardómurinn kveður greinilega á um það, að allur útlagður kostnaður í sambandi við forlagið skuli teljast því til gjalda, þá þykir verða að taka hérgreinda kröfu aðalstefnanda til greina.

Í samræmi við framanritað lækkar því upphæð aðalsakar vegna varna þeirra, er aðalstefndur hefir haft uppi í henni, um kr. 800.00, eða niður í kr. 8549.98.

Gagnsökin.

Upphæð sú, sem gagnstefnandi hefir í gangsök krafizt, að kæmi til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar, eða að hann fengi sjálfstæðan dóm fyrir, kr. 20851.56, er í 5 liðum, þ. e.: 1) Vanreiknaðir vextir honum til tekna, kr. 455.04. 2) Andvirði bóka, er verið hafi í vörzlum prentsmiðjunnar, og hún hafi átt að skila sér, en ekki gert, kr. 1921.89. 3) Útistandandi upphæðir hjá ýmsum bóksölum, sem aðalstefnandi hafi ekki gert nægilega grein fyrir, kr. 6948.23. 4) Ágóði af útgáfu vasabóka, almanaka og handbóka fyrir árið 1936, *aðallega* kr. 5763.20, en til *vara* einn þriðji hluti þeirrar upphæðar, og loks. 5) Ágóði af útgáfu sömu bóka fyrir árið 1937, kr. 5763.20.

Um 1. Þannig stendur á kröfu þessari, að hinir dómkvöddu menn hafa í uppgjöri sínu reiknað forlaginu til skuldar 5% ársvexti af öllu söluverði bóka forlagsins, kr. 15000.00, frá söluvegi til 30. júní 1935. Hinsvegar reiknuðu þeir forlaginu ekki neina vexti til tekna af greiðslum, er inn komu. Telur gagnstefndur þetta rétt, og muni aðiljar hafa gengið út frá þessu þegar í upphafi, enda

hafi gerðardómurinn úrskurðað þetta atriði á sama hátt, en við úrskurð hans séu aðiljar bundnir. Gagnstefnandi telur hinsvegar, að taka hafi átt tillit til innborgana að þessu leyti, og að sér hafi ekki borið að greiða vexti af hærri upphæð en hann samkvæmt félagssamningnum (sic) skuldaði á hverjum tíma.

Rétturinn fær nú ekki séð, að í úrskurði gerðardómsins sé neitt ákvæði, er skyldi gagnstefnanda til að greiða vexti af hærri upphæð en hann skuldar á hverjum tíma, né heldur, að neitt í þá átt felist í félagssamningnum. Og með því að fallast má á skilning gagnstefnanda að því er þetta atriði snertir og hérgreind vaxta-upphæð er ekki véfengd sem rétt útreiknuð, ber að taka þenna lið gagnsakarinnar til greina.

Um 2. Gagnstefnandi hefir lagt fram lista yfir bækur, er hann telur, að vantað hafi, er honum var afhent bókaforlagið, en gagnstefndur hafi átt að standa skil á, og samkvæmt listanum nemur andvirði þeirra bóka áðurgreindri upphæð. Telur gagnstefnandi, að svo vel hafi verið gengið frá talningu bókana, að ekki sé neinn vafi um, að gagnstefndum beri að greiða sér þenna mismun.

Gagnstefndur hefir mótmælt, að þessi upphæð sé rétt reiknuð, og telur, að fyrri talning bókana hafi verið svo ónákvæm, að ekkert sé á henni byggjandi, enda hafi nú komið í ljós, að af sumum bókunum sé nú meira til en til átti að vera samkvæmt fyrri talningunni. Nemi sú upphæð kr. 411.20, og hefir hann ex tuto gert varakröfu um, að þessi liður gagnkröfunnar verði lækkaður um þá upphæð.

Gagnstefnandi hefir í þetta sinn lagt fram skýrslu þeirra, er talninguna framkvæmdu vorið 1933. Þótt ekki skuli bornar brigður á það, að þau hafi viljað vanda sig, þá þykir ekki unnt, gegn mótmælum gagnstefnds, að nota þessa talningu sem grundvöll skaðabótafjárhæðar, þar sem það er ljóst, að þessi talning verður að teljast röng, þegar hún er borin saman við talning og uppgjör hinna dómkvöddu manna vorið 1937. Þá kemur fram hærri eintakafjöldi af sumum bókum, t. d. isl. ástaljóðum í shirting, en talningin frá 1933 greindi. Hér virðist hafa verið vantalið eða ruglað saman shirting- og skinnbandi. Þess verður ekki dulizt, að skekkjur of eða van kunni

viðar að hafa verið, enda virðist söluverð forlags ásamt útgáfuréttindum, borið saman við nafnverð bókanna, benda til þess, að ekki hafi verið lögð sérstök áherzla á nákvæma talningu af samningsaðiljum. Þá er og verðsetning gallaðra bóka bæði við talningu 1933 og í kröfugerð gagnstefnanda alveg út í bláinn, og því alveg óhæf sem sönnunargagn um verðgildi þessara bóka.

Að þessu athuguðu telur rétturinn ekki unnt að taka þenna lið gagnkröfunnar til greina.

Um 3. Í Úrskurði gerðardómsins var svo ákveðið, að gagnstefnanda skyldi afhent fullnægjandi greinargerð um þær af forlagsbókunum, sem væri í annara vörzlum, þ. e. ýmsra bóksala, þegar reikningsskil vegna forlagsins færu fram. Nú kveðst gagnstefnandi hafa skrifað bóksölunum, og hafi ýmsir þeirra engin skil gert, eða þá ófullnægjandi, þar sem þeir hafi neitað að skulda þá upphæð, er prentsmiðjan telji og hann sé skuldaður fyrir í uppgjörinu. — Gagnstefndur telur, að í þessu ákvæði úrskurðarins felist aðeins, að prentsmiðjunni beri að gera grein fyrir, hve mikið af bókum sé útstandandi hjá bóksölum. Það hafi hún gert í reikningum forlagsins, sem séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og vottaðir réttir. Hafi prentsmiðjan þannig fullnægt skyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði úrskurðarins.

Við afhendingu forlagsins til aðalstefnanda var gerð skrá um bækur hjá bóksölum, þannig að farið var eftir bókaleifaskráum þeirra 1. janúar 1933, og bætt við því, sem gagnstefnandi taldi sent frá þeim degi til afhendingardags. Hinsvegar var það ekki staðreynt við þessa afhendingu, hve mikið var í raun og veru hjá bóksölunum. Við endurafhendingu forlagsins til gagnstefnanda hefir sama aðferð verið viðhöfð, og virðist eftir atvikum þetta mega teljast „fullnægjandi greinargerð“, þar sem ekki hefir verið sýnt fram á það með rökum, að bókhaldi gagnstefnds um forlagið hafi verið áfátt, enda þótt af hálfu gagnstefnanda í síðustu greinargerð hans sé hið gagnstæða gefið í skyn.

Þenna lið gagnsakarinnar þykir því ekki fært að taka til greina.

Um 4. Áður en rætt er um þenna kröfulið, þykir rétt að taka afstöðu til þess, við hvaða tíma beri að miða

uppgjör bókaforlagsins, en um það hafa aðilar allmjög deilt, og vegna þeirrar deilu, svo og vegna þess, að hinum dómkvöddu mönnum þótti ákvæði úrskurðarins ekki ljós um þetta, gerðu þeir tvö uppgjör og miðuðu annað við 30. júní, en hitt við 31. desember 1935. — Í úrskurðinum er gagnaðiljum aðalstefnds heimilaður kauparéttur að eignarhluta hans í prentsmiðjunni, ef þeir, einn eða fleiri, samþykki það fyrir júnílok 1935, og ef af því yrði, skyldu reikningsskil fyrir forlagið fara fram 1. júlí 1935. Þessa kauparéttar neyttu gagnaðiljar aðalstefnds síðan innan tilskilins tíma, og lítur rétturinn því svo á, að augljóst sé af hérgreindum ákvæðum úrskurðarins, að uppgjör forlagsins beri að miða við 1. júlí 1935, en úr því svo er, verður hérgreind aðalkrafa aðalstefnds, um að ágóði af bókunum renni til forlagsins, ekki tekin til greina, þar eð tekjur af bókum þessum eru ekki tilfallnar fyrr en eftir þann tíma. Verður rétturinn því að lita svo á, að ágóði af bókum þessum eigi að renna til prentsmiðjunnar, en hann nam samkvæmt sérstökum útreikningi hinna dómkvöddu manna kr. 5763.20.

Að því er snerti uppgjör á eignarhluta aðalstefnds í prentsmiðjunni varð samkomulag með aðiljum um, að aðalstefndur nyti arðs af rekstri prentsmiðjunnar árið 1935 á nánar tilgreindan hátt, en það hinsvegar tekið fram, að samkomulagið væri með öllu óviðkomandi uppgjöri bókaforlagsins. Í samræmi við þetta var svo ágóðanum af bókum þeim, er um ræðir í þessum lið, alveg haldið utan við uppgjör eignarhlutans, enda mun aðalstefndur þá hafa talið, að hann myndi allur renna til forlagsins og þannig allur koma sér til góða. — Að þessu athuguðu þykir því verða að taka hérgreinda varakröfu aðalstefnds til greina og tildæma honum einn þriðja hluta þessarar upphæðar, eða kr. 1921.07, enda var hann eigandi eins þriðja hluta prentsmiðjunnar.

Um 5. Þenna lið gagnkröfunnar byggir aðalstefndur á því, að á árinu 1936 hafi aðalstefnandi gefið út, fyrir árið 1937, í óleyfi sínu sömu bækur og rætt er um undir 4, en að bókum þessum telur hann sig eiga rithöfundarrétt, og að eftir riftingu forlagssamningsins hafi aðalstefnandi því verið með öllu óheimil útgáfa þeirra. Telur hann því, að með útgáfunni hafi aðalstefnandi brotið ákvæði laga

um rithöfundarétt, og beri honum að bæta sér þetta með ágóða þeim, er hann hafi haft af bókunum, en það sé að minnsta kosti jafnhá upphæð og árið áður, eða kr. 5763.20.

Aðalstefnandi neitar því eindregið, að aðalstefndur eigi nokkurn rithöfundarrétt að þessum bókum, og sé þessi krafa hans því hin mesta fjarstæða, enda kveðst hann sjálfur hafa gefið út samskonar bækur áður en hann keypti förlagið.

Efni bóka þessara er, auk venjulegs dagatals, ýmis- konar fróðleikur, sem allir eiga annars staðar aðgang að, svo sem: innlent mál og vog, hvenær ýms söfn og opin- berar stofnanir eru opnar, viðtalstími lækna og presta, brunaboðar, rómverskar tölur, dagafjöldi mánaðanna, nokkrar vegalengdir, upprentanir úr hagskýrslum o. fl. af svipuðu tægi.

Það er nú að visu svo, að allmargir kaflar, sem voru í bókum aðalstefnds áður og á meðan aðalstefnandi rak for- lagið, eru í bókum þeim, sem hér ræðir um, enda þótt miklu sé við bætt, en annað leiðrétt og niður fellt og efnisskipun sé önnur. En að því athuguðu, sem sagt er hér að framan um efni bókanna, litur rétturinn svo á, að útgáfa þeirra hafi verið aðalstefnanda heimil, og að engin réttindi aðalstefnds hafi verið þessari útgáfu aðal- stefnanda til fyrirstöðu. Verður þessi liður gagnkröfunnar því ekki tekinn til greina.

Verða úrslit gagnsakar því þau, að samtals verða teknar til greina í henni til skuldajafnaðar við upphæð aðalsakar kr. 2376.11. Í gagnsök hefir verið krafizt hærri vaxta og frá fyrri tíma, en gert er í aðalsök, en ekki þykir ástæða til að taka þá kröfu til greina.

Úrslit málsins í heild verða því þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 8549.98 að frádregnum kr. 2376.11, eða kr. 6173.87, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Steindór Gunnarsson, greiði aðal- stefnanda, s/f Félagsprentsmiðjunni, kr. 6173.87 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsudags, en

málskostnaður falli niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. október 1940.

Nr. 80/1940. **Sveinn Jónsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Bæjarsjóði Reykjavíkur

(Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda. — Heimilisfang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Adolph Bergsson fulltrúi lögmanns í Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar eru sammála um, að hálf húseignin nr. 43 við Viðimel í Reykjavík sé séreign konu áfrýjanda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Samkvæmt niðurstöðu þessari ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétt, kr. 300.00.